

Ár 2024, sunnudaginn 15. desember, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 2/2024:

Stjarnan handknattleiksdeild

gegn

Handknattleiksfélagi Kópavogs (HK)

Málið dæmir Bjarki Þór Sveinsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem var móttækin hjá skrifstofu HSÍ þann 30. nóvember 2024. Málinu var samdægurs úthlutað til dómara. Dómari tilkynnti varnaraðila um framkomna kæru þann 1. desember og gaf varnaraðila (HK) frest til 4. desember 2024 að skila greinargerð sem hann og gerði. Kæra málsins fékk skjalnúmer 1 og fylgiskjöl kæranda þar á eftir, Reglur um myndbandsdómgæslu nr. 2., upptaka af hinu umdeilda atviki, 1 mínúta og 26 sekúndur fær skjalnúmer 3, skjáskot af heimasíðu HSÍ af yfirliti leiks fær skjalnúmer 4, og greiðslukvittun kærugjalds skjalnúmer 5. Greinargerð HK fær skjalnúmer 6 og upptaka af lokamínútum leiks, þ.m.t. hinu umdeilda atviki, 3 mínútur og 44 sekúndur fær skjalnúmer 7. Skrifleg lýsing beggja leikdómara á hinu umdeilda atviki fær skjalnúmer 8, skrifleg lýsing eftirlitsdómara fær skjalnúmer 9 og umgjarðarskýrsla eftirlitsdómara fær skjalnúmer 10.

Þinghald var í málinu þann 5. desember þar sem dómari upplýsti að hann hygðist óska eftir skriflegri lýsingu leikdómara og eftirlitsdómara á hinu umdeilda atviki. Dómari ákvað þá að fresta málinu þar til þær lýsingar lægju fyrir. Dómari sendi síðan umræddar lýsingar á aðila og boðaði til þinghalds 10. desember. Málinu var síðan frestað til 11. desember til að taka afstöðu til þess hvort framkomnar upplýsingar breyttu afstöðu aðila. Í þinghaldi 11. desember var svo ákveðið að munnlegur málflutningur færi fram föstudaginn 13. desember ásamt því að skýrslur yrðu teknar af Siguróla M. Sigurðssyni leikdómara, Sævari Árnasyni leikdómara, Guðjón L. Sigurðssyni eftirlitsdómara, Hrannari Guðmundssyni þjálfara Stjörnunnar og Arnari Daða Arnarssyni aðstoðarþjálfara Stjörnunnar. HSÍ var gefinn kostur á að koma að athugasemdum en HSÍ lét málið ekkert til sín taka.

Málflutningur fór svo fram á áður greindum tíma þar sem framangreindar skýrslur voru teknar og aðilar reifuðu mál sitt. Að því loknu var málið dómtekið.

Dómkröfur

1. Kærandinn, Stjarnan, gerir þær kröfur 1) aðallega að Handknattleiksfélag Kópavogs (HK) teljist hafa tapað handknattleiksleik gegn Stjörnunni í Olísdeild karla, sem fram fór 29. nóvember 2024, með markatölunni 26–27. 2) Til vara að handknattsleikurinn milli Handknattleiksfélags Kópavogs (HK) og Stjörnunnar í Olísdeild karla, sem fram fór 29. nóvember 2024, verði spilaður að nýju.
2. Varnaraðili, HK gerir þær kröfur að málinu verði vísað frá dómi en til vara er gerð krafa um að úrslit leiksins samkvæmt endanlegri leiksskýrslu dómara verði látin standa óhögguð. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi Stjörnunnar vegna aðal- og varakröfu.

Málsatvik

Föstudaginn 29. nóvember 2024 fór fram leikur Handknattleiksfélags Kópavogs (HK) og Stjörnunnar í 12. umferð Olís-deildar karla. Rétt við lok leiks átti sér stað atvik sem deilt er um. Fyrir dóminum liggur myndskaið af atvikinu. Óumdeilt er að brot átti sér stað þegar HK var í lokasókninni sinni en annar dómari leiksins stöðvaði tímenn. Leik dómari voru ekki viss um hvort leiktíminn hefði verið útrunninn eða ekki. Gengur svo dómari sem stöðvaði tímenn að tímavarðarborðinu. Stuttu síðar gengur hinn dómari að tímavarðarborðinu. Á sér stað einhver reikistefna við tímavarðarborðið. Illa sést á myndbandi en óumdeilt er að ritari tímavarðarborðsins tók upp síma sinn og ætlaði að spila fyrir dómara lokasekúndur leiksins til að hjálpa þeim að sjá hvort leiktíminn hefði verið liðinn eða ekki. Ekki sést sími ritarans á myndbandinu sem liggur fyrir dómstólnum og ekki sést hvort eða hversu mikið leikdómari horfðu á símann. Að tæpum 3 og hálfri mínútu dæmdu dómari víti til handa HK. HK skoraði úr vítinu og urðu dæmdar lokatölur leiksins 26-26.

Málsástæður kæranda

Kærandi Stjarnan heldur því fram að eftir að lokaflautan gall hafi annar dómari leiksins stöðvað leikinn án þess að gefa opinbert merki (VAR) eða útskýra með handarbendingum hvað hann hygðist dæma. Eftir rúmar tvær mínútur af umræðum við ritaborðið hafi leikdómari tekið ákvörðun um að nýta farsíma starfsmanns við borið og skoða umdeilda atvikið með þeim hætti. Kærandi telur þessa aðferð vera í beinni andstöðu við reglur um framkvæmd myndbandsdómgæslu.

Kærandi byggir á að reglur um myndbandsdómgæslu veiti dómurum heimild til að skoða atvik á sjónvarpsskjá í þeim tilvikum þar sem þeir hafi ekki haft möguleika á að sjá atvikið á vellinum

í heild sinni eða ef þeir þurfa að endurskoða það áður en ákvörðun er tekin. Þessi regla sé sérstaklega hönnuð til að tryggja sanngjarna og réttmæta dómgæslu í lykilatriðum leikja. Dómarar eigi aðeins að nota þessa heimild þegar nauðsyn krefur, til dæmis þegar vafi leikur á stórum og úrslitaþáttum. Notkun myndbandsdómgæslu skuli ávallt byggjast á viðurkenndum sjónvarpsbúnaði sem tryggir nákvæma og óhlutdræga endurskoðun.

Kærandi telur að í umræddu tilfelli hafi þessari reglu ekki fylgt. Dómarar hafi ákveðið að skoða atvik úr farsíma starfsmanns við ritaraborðið í stað þess að nota viðurkenndan sjónvarpsbúnað, eins og reglur kveði á um. Það sé í beinni andstöðu við tilgang reglunnar, þar sem farsími getur ekki veitt sömu gæði, hlutlægni og öryggi í myndbandsdómgæslu. Auk þess hafi atvikið ekki verið í flokki skilgreindra lykilatriða sem krefjast myndbandsdómgæslu samkvæmt reglunum. Með þessu hafi dómarnir brotið gegn grundvallarforsendum reglunnar um að tryggja réttmæti og fagmennsku í ákvörðunum.

Afleiðing þessa atvika telur kæranda vera þá að dómarateymið hafi byggt ákvörðun sína á ólögum grunni, sem hafi haft bein áhrif á niðurstöðu leiksins. Með því að virða ekki þessa reglu hafi traust á framkvæmd dómgæslunnar verið rýrt og réttmætt sé að krefjast leiðréttingar til að tryggja að reglunni sé fylgt í framtíðinni.

Samkvæmt reglum um myndbandsdómgæslu verði dómarnir í öllum tilvikum að taka ákvarðanir byggðar á því sem þeir sjá á vellinum. Myndbandsdómgæsla má aðeins koma til álita þegar dómarnir eru í miklum vafa um rétta ákvörðun eða þegar þeir, af einhverjum ástæðum, hafa ekki getað séð atvikið á vellinum í heild sinni. Þessi regla sé sett fram til að tryggja að ákvarðanir séu byggðar á staðfestum og réttmætum forsendum og að myndbandsdómgæsla sé einungis notuð sem undantekning þegar önnur úrræði dugi ekki til.

Í þessu tilviki hafi reglan verið brotin á afgerandi hátt. Dómarnir hafi byggt ákvörðun sína ekki á eigin mati eða því sem þeir sáu á vellinum, heldur hafi ákveðið að nýta óviðkomandi myndbandsupptökur úr farsíma starfsmanns við ritaraborðið. Þetta hafi verið gert þrátt fyrir að ekkert benti til þess að atvikið hefði verið utan sjónsviðs dómara eða skapað þann mikla vafa sem kallar á myndbandsdómgæslu.

Með þessari framkvæmd hafi dómarnir ekki virt skilyrði reglunnar um að ákvarðanir skuli byggjast á þeirra eigin sjón og mati. Notkun farsíma, sem er óheimilt tæki samkvæmt reglum, til að skoða atvikið hafi einnig verið í beinni andstöðu við tilgang reglunnar. Þetta brot hafi í för með sér að lokaniðurstaða leiksins var mótuð á grundvelli ólögum framkvæmdar sem ekki samræmist faglegum kröfum.

Kærandi telur að brotið hafi bæði verið á þeirri meginreglu að dómara skuli byggja ákvarðanir á eigin mati og þeirri undantekningu að myndbandsdómgæsla sé aðeins heimil við mjög sérstakar aðstæður. Þetta skerðir trúverðugleika dómgæslunnar og réttlætir endurskoðun á málinu til að tryggja að reglunum sé fylgt.

Kærandi telur að samkvæmt reglum um myndbandsdómgæslu séu ákveðnar kröfur sem dómara verða að uppfylla þegar þeir ákveða að nýta tækni til að endurskoða atvik í leik. Í fyrsta lagi verði dómara að kalla eftir leikstöðvun og sýna opinbert VAR-merki til að upplýsa bæði leikmenn og áhorfendur um að atvikið sé til skoðunar með myndbandsdómgæslu. Þetta er mikilvægt til að tryggja gegnsæi í ákvörðunum dómara og til að veita öllum viðkomandi aðilum upplýsingar um að atvikið sé að fara í gegnum þessa skoðun. Í öðru lagi verði dómara að ráðfæra sig við eftirlitsmenn leiksins og útskýra af hverju myndbandsdómgæsla sé tekin í notkun. Ef það er óheimilt að nýta myndbandsdómgæslu í viðkomandi aðstæðum samkvæmt reglum, þá bera eftirlitsmenn ábyrgð á að grípa inn í og stöðva þessa aðgerð.

Í hinu umdeilda atviki hafi hvorugri þessara krafna fylgt. Dómaramenn kölluðu ekki eftir leikstöðvun með opinberu VAR-merki né ráðfærðu sig við eftirlitsmenn áður en myndbandsdómgæslan var framkvæmd. Þetta var brot á reglum sem kveða á um gagnsæi og skýra verkferla í notkun myndbandsdómgæslu. Þessi brot á reglum um myndbandsdómgæslu hafi haft bein áhrif á lögmæti ákvörðunarinnar og úrslit leiksins sem gerir nauðsynlegt að endurskoða málið og tryggja að reglunum sé fylgt í framtíðinni.

Málsástæður varnaraðila

Varnaraðili byggir kröfu sína um frávisun í fyrsta lagi á því að í máli þessu sé efnislegur ágreiningur um ákvörðun dómara leiksins. Í kærnu sóknaraðila sé ekki byggt á því að umgjörð eða framkvæmd leiksins hafi verið ábótavant af hálfu varnaraðila. Telur varnaraðili því að kærari falli utan valdsviðs dómstóls HSÍ, eins og það sé afmarkað í lögum og reglugerðum HSÍ og þar af leiðandi beri að vísa kærinni frá dómnum.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn sé ekki hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni hverju sinni. Varnaraðili telji augljóst að ákvörðun dómara um að dæma víti hafi byggt á mati á þeirra á stöðunni hverju sinni, þ.m.t. upplifun þeirra af atvikinu og jafnframt upplýsingum sem þeir kunni að hafa fengið úr beinni útsendingu af leiknum. Þá sé í 17. gr. reglugerðar um dómara og eftirlitsmenn heimilað að nýta myndbandsupptökur úr beinni útsendingu, sé slíkt í boði.

Í 4. tl. athugasemda reglna um myndbandsdómgæslu er að finna sambærilegt ákvæði en þar segi að málefnalegar ákvarðanir teknar af dómurunum og eftirlitsmönnum við myndbandsdómgæslu og byggðar eru á sýn þeirra séu endanlegar.

Varnaraðili byggir því á því að úrskurður dómara leiksins um víti falli ekki undir valdsvið dómstóls HSÍ og beri að vísa málinu frá.

Þá byggir varnaraðili frávísunarkröfu í öðru lagi á því að dómkrafa sóknaraðila um breytingu á úrslitum leiks liðanna sé ódómtæk þar sem það sé ekki á valdsviði dómstólsins að breyta úrslitum leikja, heldur fyrst og fremst að skera úr um hvort umgjörð leika og framkvæmd þeirra sé í samræmi við reglur HSÍ.

Krafa varnaraðila um að úrslit leiksins standi óhöggð byggir á því að hin umdeilda ákvörðun sé ákvörðun dómara sem byggir á mat þeirra á stöðunni hverju sinni. Samkvæmt ákvæðum 16. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn er slík ákvörðun endanleg og verður ekki endurskoðuð af dómstól HSÍ. Jafnframt vísast til áður nefnds 4. tl. athugasemda reglna um myndbandsdómgæslu sem og 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um handknattleiksmót.

Varnaraðili bendir einnig á að í reglum HSÍ sé beinlínis heimild fyrir dómara að skoða myndskeið úr beinni útsendingu leikja og nýta sér þau við dómgæslu. Í umræddum reglum séu engar kröfur gerðar um tiltekna skjái eða með hvaða hætti dómara geti skoðað beina útsendingu leikja. Þá mótmælir varnaraðili því einnig að ákvarðanir dómara leiksins og háttsemi þeirra hafi á einhvern hátt brotið gegn reglum myndbandsdómgæslu. Varnaraðili bendir á að atvikið falli ótvírætt undir atvik 9 í reglum um örlagarík atvik á síðustu 30 sekúndum leiks. Í athugasemd 2 í umræddum reglum sé sömuleiðis lögð skylda á dómara að leiðrétta ranga ákvörðun er þeir sjá atvik við myndbandsdómgæslu. Varnaraðili bendir jafnframt á að ef dómara geta ekki tekið ákvörðun af því að myndbandsdómgæslan gefur ekki óyggjandi niðurstöðu, þá verða þeir að taka ákvörðun samkvæmt sýn þeirra á staðreyndum og mega leita ráða hjá eftirlitsmönnum ef þeir eru í miklum vafa

Þannig sé samkvæmt framangreindu ljóst að svigrúm dómara til athafna og nýta sér myndbandsupptökur sé rúmt og hvoru tveggja reglur HSÍ um dómara og eftirlitsmenn og reglur um myndbandsupptökur leggja ákvörðunarvaldið um atvik leiks í hendur dómara.

Varnaraðili byggir jafnframt á því að óumdeilt sé að ekki hafi verið ágallar á framkvæmd leiksins af hálfu varnaraðila. Fyrir liggir að engar athugasemdir hafi komið fram við framkvæmd leiksins af hálfu dómara, eftirlitsmanna eða mótanefndar HSÍ.

Þá byggir varnaraðili kröfu sína um óhöggð úrslit á að í 31. og 32. gr. reglugerðar um handknattleiksmót, séu tæmandi taldar heimildir til að breyta úrslitum leikja, þ.e. ef lið mætir ekki til leiks eða notar ólöglegan leikmann. Í umræddum ákvæðum eða reglugerð um handknattleiksmót sé hvergi heimilað að breyta úrslitum leiks vegna myndbandsdómgæslu eða

rangra ákvarðana dómara um atvik leiks. Sé það einnig í samræmi við þá meginreglu sem myndast hefur í dómaframkvæmd dómstóls HSÍ að úrslit skuli ráðast inn á vellinum en ekki fyrir dómstól, sbr. m.a. dóm áfrýjunmardómstóls HSÍ í máli nr. 1/2021.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt að heimildir til viðurlaga, svo sem að dæma liði tap í keppnisleik, verði að hafa skýra lagastoð og slíkum refsikenndum heimildum yrði aðeins beitt ef ótvírætt sé að þær séu fyrir hendi. Með öðrum orðum kalli íþyngjandi viðurlög á mjög skýra viðurlaga heimild. Hafi íþróttadómstólar almennt skýrt ákvæði með þeim hætti, sbr. t.d. dóm dómstóls KSÍ í máli KR gegn HK í máli nr. 2/2024

Niðurstaða

I.

Samkvæmt 27. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Ágreiningur aðila lýtur í fyrsta lagi að því hvort dómarar hafi nýtt sér upptöku til að komast að niðurstöðu, í annan stað hvort heimilt hafi verið að nýta almenna upptöku eða hvort nauðsynlegt sé að nota VAR kerfið ef nýta eigi upptökumöguleika, og í þriðja lagi hvort almennum skilyrðum hafi verið fylgt eftir við notkun VAR kerfisins.

Samkvæmt ákvæðunum verður mati dómara á því sem gerist á leikvellinum ekki skotið til dómstóls HSÍ. Álykta má hins vegar að ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglur verði skotið til dómstólsins. Á þessa túlkun reyndi meðal annars í kærumáli HSÍ nr. 2/2018.

Með vísan til þess sem að framan er rakið, byggja efnislegar kröfur kæranda það í sér að leikdómarar hafi farið út fyrir þær leikreglur sem þeim bera að fara eftir við dómgæslu leiksins með því að nota almenna myndbandsupptöku í andstöðu við leikreglur. Þá kemur fram í 1. tl. 1. mgr. 41. gr. laga HSÍ að dómstólar HSÍ geti í dómsorði dæmt um úrslit leikja. Af þeim sökum er aðalkröfu varnaraðila um frávísun málsins hafnað og málið tekið til efnislegar úrlausnar.

II.

Undir rekstri málsins voru með vísan til heimildar í 6. mgr. 33. gr. laga HSÍ lagðar inn í málið skriflegar atvikalýsingar leikdómara og eftirlitsdómara á því hvað átti sér stað undir lok leiksins.

Leikdómarar upplýsa þar að við brot undir lok leiksins hafi dómarnir ekki verið vissir um hvort leiktíminn hafi verið útrunninn þó þeir hafi talið líklegt að svo hafi ekki verið. Bras hefði verið á leikklukkunni í leiknum og dómarnir hafi ekki verið vissir um hvort hún hefði hringt. Ákvað þá innri dómari að fara að ritaraborðinu og athuga hvort eftirlitsdómari eða starfsmenn ritaraborðsins hafi séð hvort tíminn hefði verið útrunninn. Eftirlitsdómari hafi ekki verið viss, en hafi þó verið sammála leikdómurum að líklega hafi tíminn ekki verið útrunninn.

Þá greina dómarar frá því að eftir stuttan fund við ritaraborðið hafi starfsmaður ritaraborðsins dregið upp símann sinn og sagt: „Heyrðu, ég er með handboltapassann, ég opna þetta bara þar“. Hafi starfsmaðurinn tekið upp símann og farið inná sjónvarp símans appið og opnað sjónvarpsútsendinguna á leiknum. Hafi starfsmaðurinn svo lagt símann á borðið og dómarar litið á símann. Þar hafi útsendingin af leiknum sést en dómarnir séð strax að:

- a) Útsendingin var á handboltapassanum og þar er leikklukkan tengd við HB ritara og hefði aldrei getað hjálpað dómurum við ákvörðun.
- b) Þriggja mínútna seinkun hafi verið á passanum og þegar dómarar hafi litið á símann hafi starfsmaðurinn verið að reyna að spóla að atvikinu en það hafi ekki verið hægt því að ekki voru liðnar 3 mínútur frá atvikinu. Á skjánum á símanum hafi enn þá verið um 40 sekúndur í atvikið skv. klukkunni á útsendingunni og því ekki hægt að sjá atvikið.

Dómarnir hafi þá ákveðið að taka ákvörðun út frá bestu sýn þeirra á staðreyndir og fullyrða þeir í skriflegum framburði sínum að engin ákvörðun hafi verið tekin út frá myndbandi eða útsendingu af leiknum. Þá gera dómarnir grein fyrir því að þeir hafi ekki verið vissir um það hvort þeir mættu nýta sér upptökur með þessum hætti, en það hafi ekki komið til þess að reyna hafi þurft á það.

Eftirlitsdómari lýsir atvikinu með þeim hætti að dómarnir hafi dæmt víti á Stjórnuna í lok leiks en vegna óvissu um hvort tíminn væri liðinn þá hafi þeir komið að tímavarðarborði til að ráðfæra sig við eftirlitsdómara. Eftirlitsdómari kveðst ekki hafa heyrt loka flautið og gat því ekki staðfest við leikdómara hvort sóknarmaðurinn hefði verið rændur upplögðu markfæri áður en leiktíminn rann út. Áður en leikdómurum hafi gefist tækifæri til að taka endanlega ákvörðun hafi ritari tímavarðarborðsins dregið fram símann sinn þar sem hann taldi sig vera búinn að finna myndskaið af síðustu mínútu leiksins. Hafi viðstaddir byrjað að horfa á það en eftirlitsdómari hafi fljótlega orðið frá að hverfa til að hafa afskipti af liðstjórum Stjórnunnar sem voru að skipta sér af framkvæmdinni. Eftirlitsdómari segist persónulega hafa talið að það mætti skoða myndbrot, sem sýnir lokasekúndurnar ef leikklukkan sést á sama tíma og atvik í lok leiks á sér stað, þar sem allir leikir eru í beinni útsendingu, en leikdómarar hafi leiðrétt hann og tekið

ákvörðun um að skoða ekki lokasekúndurnar í símanum áður en þeir tóku lokaákvörðun um vítið í leikslok.

Skýrslutökur fóru fram yfir leikdómurum og eftirlitsdómara við málflutning. Staðfestu allir þær skýrslur sem þeir höfðu áður sent inn í málið. Voru þeir allir spurðir beint að því hvort eitthvað hefði sést á símanum sem hefði gefið þeim upplýsingar til að taka ákvörðun. Allir neituðu því.

Skýrslutökur voru jafnframt teknar af þjálfurum Stjórnunnar en ekkert kom fram í þeirra framburði sem hefur áhrif á framangreinda lýsingu dómara leiksins. Þá er ekkert sem fram kemur á þeim myndskaiðum sem lögð hafa verið fyrir dómstólinn sem hnikar þessum fullyrðingum.

III.

Með vísan til afdráttarlausrar lýsingar þriggja dómara sem komu að leik Stjórnunnar og HK, þ.e. tveggja leikdómara og eftirlitsdómara verður að byggja málið á þeim forsendum að engar upplýsingar hafi komið fram á myndskaiði í síma, á meðan á leik stóð, sem hafi haft áhrif á ákvörðun dómaranna. Þannig hafi leikdómarar stöðvað tímann og ráðfært sig við hvorn annan og eftirlitsdómara áður en ákvörðun var tekin sem byggði á þeirri eigin mati á aðstæðum. Er á þeim forsendum hafnað þeirri efnislegu kröfu kæranda að dómarar hafi farið út fyrir leikreglur við töku ákvörðunar. Felur það í sér að hafnað er bæði aðalkröfu og varakröfu kæranda, Stjórnunnar.

Af þeim sökum er ekki tilefni til þess fyrir dómstólinn að kveða á um önnur ágreiningsmálefni aðila sem lúta að heimild til notkunar almennrar myndbandsupptöku og eða þau skilyrði sem uppfylla þarf við notkun VAR kerfisins.

Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 41. gr. laga HSÍ er dómstól HSÍ heimilt að dæma um málskostnað ef málsgundvöllur aðila telst vera tilefnislaus. Með vísan til þess að þau atvik sem eru grundvöllur úrlausnar þessa máls, verða ekki ljós fyrr en við vitnisframburð leikdómara og eftirlitsdómara, sem og til þess að einhver vafi virðist liggja í hugum leikdómara og eftirlitsdómara um heimild til notkunar upptöku úr síma, er því hafnað að kæra Stjórnunnar hafi verið tilefnislaus. Er því kröfu varnaraðila um málskostnað hafnað.

Úrskurðarorð

Hafnað er kröfu varnaraðila um að málinu verði vísað frá dómi.

Hafnað er kröfu Stjórnunnar þess efnis að úrslit leiks Stjórnunnar og Handknattleiksfélags Kópavogs sem fram fór 29. nóvember 2024 verði ákvörðuð með þeim hætti að Handknattleiksfélag Kópavogs teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 26-27.

Hafnað er varakröfu Stjórnunnar um að handknattleiksleikurinn milli Handknattleiksfélags Kópavogs og Stjórnunnar sem fram fór 29. nóvember 2024 verði spilaður að nýju.

Með vísan til forsendna málsins telur dómstóllinn rétt að málskostnaður falli niður.

Reykjavík, 15. desember 2024

Bjarki Þór Sveinsson